

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 93

September 2003

Fréttabréf



HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökларанnsóknafélags Íslands verður þriðjudagskvöldið 21. október kl. 20.00 í Norræna Húsinu.

Landris í Grímsvötnum og Kötlu - má segja til um næstu eldgos?

Freysteinn Sigmundsson, forstöðumaður Norrænu Eldfjallastöðvarinnar.

Vorferðir í 50 ár.

Magnús Hallgrímsson sýnir myndir úr nokkrum vorferðum.

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökларанnsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudagskvöldið 21. október kl. 20.00 í Norræna Húsinu. Á fundinum mun Freysteinn Sigmundsson, forstöðumaður Norrænu Eldfjallastöðvarinnar, flytja erindi um aðferðir við mælingar á landrisi í Grímsvötnum og Kötlu, sambandi þess við kvikusöfnun og líkur á eldgosum. Nánari upplýsingar um efni erindisins verða á vefsíðu félagsins, www.jorfi.is, þegar nær dregur fundinum.

Að erindinu loknu mun Magnús Hallgrímsson sýna myndir úr nokkrum vorferðum félagsins.

13. SEPTEMBER FERÐIN Í JÖKULHEIMA.

Hin árlega 13. septemberferð í Jökulheima verður farin helgina 12. - 14. september. Ferðin verður með sama sniði og í fyrra, þ.e. jeppaferð og verður þeim sem ekki hafa aðgang að jeppa útvegað far með öðrum. Lagt verður af stað um kl. 20 föstudaginn 12. september frá Select á Vesturlandsvegi. Laugardagurinn verður notaður til að skoða umhverfið í jeppa- og/eða gönguferðum, aldrei að vita nema aftur verði farið um Heljargjá. Um kvöldið kyndum við upp undir stóra grillinu og allir koma með uppáhalds matinn sinn á grillið. Seinna um kvöldið tekur við varðeldur með tilheyrandi söng. Nánari upplýsingar má finna á vef JÖRFÍ, www.jorfi.is. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til Steinunnar S. Jakobsdóttur í síma 586 1696 eða 894 9995, eða með tölvupósti á ssj@vedur.is, og takið fram hvort ykkur vantar far eða hafið laus sæti í jeppa. Ekkert þátttökugjald er nema skálagjöld og reiknað er með að þeir sem fá far með öðrum taki þátt í að greiða eldsneytiskotnað.

Steinunn S. Jakobsdóttir.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen